

Dómsorð :

Stefndi, Vignir Eðvaldsson, greiði stefnanda, Hallgrími Márusyni, kr. 2.130,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. janúar 1952 til greiðsludags og kr. 500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. apríl 1954.

Kærumálið nr. 10/1954.

Vélar og skip h/f

gegn

Rafveitu Vestmannaeyja.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. f. m., krefst þess, að málskostnaðarfjárhæð hins kærða dóms verði hækkuð og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Málskostnaður í héraði til handa sóknaraðilja þykir eftir málavöxtum hæfilega ákveðinn kr. 9.000,00.

Eftir þessum úrslitum ber varnaraðilja að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 300,00.

Dómsorð :

Varnaraðili, Rafveita Vestmannaeyja, greiði sóknaraðilja, Véllum og skipum h/f, málskostnað í héraði, kr. 9.000,00, og kærumálskostnað, kr. 300,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 18. marz 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 24. f. m., hefur Rafveita Vestmannaeyja höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með stefnu, út gefinni 27. nóvember f. á., gegn Véllum og skipum

h/f til greiðslu bóta, að fjárhæð kr. 1.448.318,50, auk 6% ársvaxta frá stefnubirtingardegi, 27. nóvember 1953, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Jafnframt hefur hann áskilið sér rétt til að bera síðar fram sýknukröfu, verði kröfu hans um frávísun hrundið.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfu stefnda og krafizt málskostnaðar úr hendi hans, að því er varðar þenna þátt málsins.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dagsettu 13. júní 1945, gerði firmað British Oil Engines (Export) Ltd. stefnanda tilboð um sölu á tveimur vélasamstæðum. Stefnandi gekk að tilboði þessu, og voru vélarnar fluttar til Vestmannaeyja og settar þar upp, og tók stefnandi þær til notkunar hinn 16. júlí 1949. Skýrir stefnandi svo frá, að ýmsir meiri háttar gallar hafi komið fram á vélum þessum þegar í upphafi, þótt þær hafi verið látnar ganga með litlu álagi. Vélarnar hafi ekki getað gengið með meira en $\frac{2}{3}$ hlutum upp gefins álags, án þess að bulluhringirnir festust á óeðlilega skömmum tíma. Vorið 1951 kom til Vestmannaeyja sérfræðingur frá verksmiðju þeirri, er vélarnar smíðaði, og reyndi að lagfæra vélarnar, en þær tilraunir báru eigi árangur. Haustið 1952 lét stefnandi dómkveðja matsmenn til að meta til peningaverðs þær viðbætur, er gera þyrfti, til þess að vélasamstæður þessar fengju án óhóflegs viðhaldskostnaðar afkastað þeirri orku, sem um var samið, þ. e. 2.400 hestöflum, svo og það tjón, sem stefnandi hafði þegar haft af óeðlilega miklu viðhaldi og hreinsun á vélunum. Matsmennirnir töldu tvær leiðir færar, og var önnur sú að fá 2 nýjar aflvélar, er kosta mundu samtals kr. 1.700.000,00, en hin að fá nýja vélasamstæðu, er mundi kosta kr. 1.400.000,00. Tjón stefnanda vegna viðhalds og hreinsunar véla mátu þeir kr. 48.318,50. Hefur stefnandi talið rétt að velja síðari leiðina, og nemur krafa hans því kr. 1.448.318,50, svo sem greint var fyrr. Stefnandi er talinn fara með umboð British Oil Engines (Export) Ltd. eða verksmiðjunnar, er smíðaði vélarnar (Mirrless, Bickerton & Day Ltd.), og hefur stefnandi því beint kröfum sínum gegn honum.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að stefnandi hafi samið svo um við seljanda véla þessara, að mál, er rísa kynni af kaupsamningum um vélarnar, skyldi reka fyrir brezkum dómstólum og úrlausn þeirra fara að brezkum lögum. Rökstyður stefndi þetta með því, að í áðurnefndu tilboði, dags. 13. júní 1945 (dskj. nr. 18), er það tekið fram, að tilboðið sé gert í samræmi við almenna söluskilmála seljanda, og þess getið, að þeir fylgi tilboðinu. Stefnandi hefur lagt fram eintak af söluskilmálum tilboðsgefanda (dskj. nr. 23), er hann kveður samhljóða eintaki því, er tilboðinu fylgdi. Í 20. gr. söluskilmála þessara segir, að samninginn beri að öllu leyti að skýra og framkvæma sem brezkan samning og í samræmi við brezk lög og hann skuli háður lögsögu brezkra dómstóla, sé eigi öðruvísi

samið. Þá hefur stefndi og lagt fram bréf til sín (dskj. nr. 24) frá stefnanda, dags. 12. sept. 1947, en þar er lýst yfir því, að gengið hafi verið að nefndu tilboði. Samkvæmt þessu telur stefndi, að eigi sé heimilt að bera mál, er rísa af viðskiptum þessum, undir íslenska dómstóla og því beri að vísa máli þessu frá dómi.

Stefnandi hefur mótmælt frávísunarkröfu stefnda á þeim grundvelli, að hann hafi samið við stefnda um kaup á vélum þessum, og hafi stefndi þar komið fram sem umboðsmaður verksmiðju þeirrar, er smíðaði vélarnar, enda þegið umboðslaun. Telur hann, að nefnt tilboð hafi verið gert til stefnda, sem sé því einn bundinn af fyrrgreindu ákvæði söluskilmálanna, sé það á annað borð bindandi.

Svo sem fyrr var greint, hefur stefnandi á sínum tíma gengið að margnefndu tilboði frá 13. júní 1945, og þykir verða að líta svo á, að við það hafi komið á samningar um kaup á umræddum vélasamstæðum og að efni til eins og í tilboðinu var greint, a. m. k. í öllum aðalatriðum, enda verður eigi annað séð en stefnandi byggi dómkröfur sínar á þeim samningum. Af hálfu stefnanda hefur eigi verið vefengt, að söluskilmálarnir á dskj. nr. 23 séu samhljóða þeim, er tilboðinu fylgdu, og verður því að telja áðurnefnda 20. gr. þeirra hluta af kaupsamningnum. Samkvæmt þessu hefur stefnandi skuldbundið sig til að hlíta lögsögu brezkra dómstóla um mál út af þessum viðskiptum, enda eigi sýnt, að um annað hafi verið samið.

Með vísan til framanritaðs ber því að taka til greina kröfu stefnda og vísa máli þessu frá dómi. Samkvæmt 180. gr. laga nr. 85 frá 1936 ber því að dæma stefnanda til greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 4.000,00.

Í dóminum áttu sæti Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, og meðdómsmennirnir Jóhann Ólafsson forstjóri og dr. Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrum hagstofustjóri.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Rafveita Vestmannaeyja, greiði stefnda, Vélum og skipum h/f, kr. 4.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.